

## FJALLSKILASEÐILL FYRIR HVAMMSSVEIT ÁRÍÐ 2020.

Fjallskil í Hvammsdeild haustið 2020 skulu fara fram sem hér segir:

Fyrsta leit laugardaginn 19. september  
Önnur leit laugardaginn 3. október  
Hamli veður leit skal leita næsta færan dag.

### **Leitarstjórar skulu vera:**

|                                          |                              |
|------------------------------------------|------------------------------|
| Brúnir og Skeggjadalur að vestanverðu    | Monika Einarsdóttir          |
| Skeggjadalur að austanverðu og Þverdalur | Hjörtur Sveinsson            |
| Laugahlíð, Sælingsdalur og Lambadalur    | Jón Egill Jóhannsson         |
| Svínadalur, Seljadalur og Gerðishlíð     | Eyjólfur Ingvi Bjarnason     |
| Glerárskógafjall og Ásgarðshraun         | Anna Berglind Halldórsdóttir |
| Útströnd Hvammsveitar                    | Monika Einarsdóttir          |

### **Réttarstjóri:**

Jón Egill Jóhannsson

Dagsverk er metið kr. 15000 - Kostnaður á hverja kind er kr. 585.

Réttarhald 1. réttar hefst sunnudaginn 20. september kl. 11.

Réttarhald 2. réttar hefst sunnudaginn 4. október kl. 13.

Leitarstjórar skulu gæta þess að samræmi verði með leitum á samliggjandi leitarsvæðum.

Leitarstjórar, hver á sínu svæði, ásamt leitarmönnum skulu sjá um að allt ókunnugt fé komi til lögrétta.

Öllum jarðeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt og koma ókunnugu fé til réttar áður en réttarhald hefst.

Verði smölunarskyldu þessari ekki sinnt, getur sveitarstjórn látið smala landið á kostnað eiganda sbr. 39. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6 /1986.

Vanti leitarmenn er leitarstjóra heimilt að ráða menn á kostnað hlutaðeiganda.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari ber þeim að greiða þau með 50% álagi til fjallskilasjóðs.

Ekki verða sendir réttarmenn í Flekkudalsrétt, en réttarmenn Fellsstrendinga í Skerðingsstaðarétt taka fé úr Hvammsveit, Saurbæ, Laxárdal og Strandasýslu, í Flekkudalsrétt og skili því í Skerðingsstaðarétt.

Þeir sem fara í Brekkurétt taki fé Fellsstrendinga og skili því í Skerðingsstaðarétt, þeir sem fara í Gillastaðarétt taki fé úr Saurbæ, af Fellsströnd og Skarðsströnd og skili því í Skerðingsstaðarétt.

Allar kindur sem koma til Skerðingsstaðaréttar verða taldar. Réttarmenn sem sækja kindur í Flekkudalsrétt, Brekkurétt og Gillastaðarétt eru beðnir um að telja þær og skila tölum um fjölda þeirra til réttarstjóra Skerðingsstaðaréttar.

Gjaldldagi fjallskilagjalda er 1. okt. n.k. og eindagi 31. okt.

### ***Fjallskilanefnd.***

Anna Berglind Halldórsdóttir (formaður)  
Jón Egill Jóhannsson  
Halldór Gunnarsson